



LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bændahöllinni v/Hagatorg • 107 Reykjavík • Sími 553 1510/563 0300 • Símbref 568 4363

Alþingi

www.angling.is • angling@angling.is

Erindi nr. P 130/1559

komudagur 26. 3. 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 24.mars 2004

Umsögn, þingsályktun mál nr 284.

Landssamband veiðifélaga hefur fengið til umsagnar þingsályktun um afdrif laxa í sjó til umsagnar. Það er skoðun LV að brýnt sé að rannsaka sjávarvist laxa þar sem alltof lítil vitneskja er fyrir hendi um þá þætti sem áhrif hafa á lífsafkomu þeirra í sjó. Rannsóknir og vöktun á laxfiskum í ferskvatni hefur skilað miklum upplýsingum sem nýst hafa við nýtingu auðlindarinnar. Þættir sem ráða endurheimtum laxa úr sjó hafa hins vegar ekki verið rannsakaðir enda um mjög kostnaðarsamar rannsóknir að ræða. Sú þingsályktun sem hér um ræðir gerir ráð fyrir að rannsóknum verði beint samhliða að afdrifum villtra laxa í sjó svo og eldislaxa sem sleppa úr laxeldiskvíum hér við land.

Í umræðum um þessi mál hefur ekki verið talið fært að blanda þessum þáttum saman með þeim hætti sem þingsályktunin gerir ráð fyrir þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir að sömu lögmál eigi við um villtan lax og eldislax að þessu leyti. Má þar nefna að eldislax sleppur í sjó árið um kring á öllum aldri en villtur lax gengur sem seiði til sjávar að vori eða snemmsumars.

Landssamband veiðifélaga hvetur til aukinna rannsókna á afföllum laxa í sjó en telur að þar eigi að beina kröftum og fjármunum að sjávarvist laxa á öðru ári en minnkandi endurheimtur stórlaxa úr sjó undanfarin 25 ár er mikið áhyggjuefni.

Rannsóknir á áhrifum eldislax og möguleikum hans til að lifa af í sjó, hrygna í ferskvatni og spilla íslenskum laxveiðiám er að okkar mati verkefni sem eldisiðnaðurinn hlýtur að kosta að mestu og eiga ekki beina samleið með rannsóknum á villtum laxi.

Virðingarfyllt

Landssamband veiðifélaga

Óðinn Sigþórsson form